

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 09 – 2024

*Staður:* Teams og Hvanneyri

*Tími:* þriðjudagur 29. október 2024 kl. 13:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ingiberg Daði Kjartansson, Daði Már Kristófersson, Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Þórunna Jónsdóttir, Birgir Þór Haraldsson.

Guðmunda Smáradóttir sat fundinn undir lið 1 og Áshildur Bragadóttir undir lið 2.

### **1. Gæðaúttekt – eftirfylgni – kynning frá mannauðs- og gæðastjóra**

Mannauðs- og gæðastjóri fór yfir gæðamál Lbhí og eftirfylgni með gæðaúttekt sem fram fór á haustmánuðum 2022. Farið verður yfir stöðu mála með Gæðamati háskóla á fundi þann 5. desember nk.

### **2. Styttri námsleiðir og kynning frá Endurmenntun Lbhí**

Endurmenntunarstjóri fór yfir stöðuna hjá Endurmenntun, þróun að undanfögnu og helstu námskeið sem eru í boði. Þá var rætt um styttri námsleiðir og hugmyndir um örnámskeið.

### **3. Reglur Lbhí**

Farið var yfir stöðu mála varðandi nýjar reglur Lbhí. Á síðasta fundi framkvæmdastjórnar var óskað eftir því að farið yrði sérstaklega yfir málefni rannsókna annars vegar og kennslu hins vegar í tveimur vinnuhópum. Kennslustjóri mun stýra hópnum varðandi kennslu og fá með sér brautarstjóra og aðra áhugasama. Fulltrúar deilda munu ræða rannsóknahlutann. Reglurnar verða til samþykktar á næsta fundi háskólaráðs þegar niðurstöður hópanna liggja fyrir og farið hefur verið yfir þær á háskólafundi.

### **4. Rannsóknamisseri**

Tværi umsóknir um rannsóknamisseri hafa verið yfirfarnar af rannsóknamisserisnefnd og lagt til að þær verði samþykktar. Samþykkt samhljóða.

### **5. Til upplýsingar**

Ályktun Skógræktarfélag Íslands dags. 25. október lögð fram. Háskólaráð vísar til akademísku frelsis.

RIP